



**Aðildarfélag ÍBR**  
**Sérráð ÍBR**  
**Framkvæmdastjórn ÍBR**  
**Framkvæmdastjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands**  
**Sviðsstjóri Íþrótt- og tómstundasviðs Reykjavíkur**  
**Fulltrúi Mennta- og menningarmálaráðuneytis**

**Reykjavík 22. janúar 2017**

**Efni: Þing ÍBR 22. – 23. mars 2017**

Boðað er til þings Íþróttabandalags Reykjavíkur dagana 22. - 23. mars í Laugardalshöll.

Þingfundur hefst miðvikudaginn 22. mars kl. 17:00. Nefndir munu starfa að loknum fyrri hluta þings, á miðvikudagskvöldinu, í fundarsölum ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni. Gert er ráð fyrir að þingfulltrúar geti tekið þátt í nefndarfundum fyrsta klukkutímann en síðan starfi nefndir fyrir luktum dyrum og ljúki sinni vinnu eigi síðar en kl. 22:30. Þeir sem hafa áhuga á að starfa í nefndum mega gjarnan koma boðum um það til skrifstofu ÍBR. Þingfundi verður fram haldið fimmtudaginn 23. mars kl. 17:00.

Þau mál, sem aðilar óska að verði á dagskrá, skulu berast ÍBR í síðasta lagi 4 vikum fyrir þingsetningu eða fyrir **22. febrúar**.

Tala þingfulltrúa miðast við tölu félagsmanna síðastliðins starfsárs, þannig að félag með:

1	-	200	félagsmenn	hljóti	1	atkvæði	og	1	fulltrúa
201	-	400	"	"	2	atkvæði	og	1	fulltrúa
401	-	600	"	"	3	atkvæði	og	2	fulltrúa
601	-	800	"	"	4	atkvæði	og	2	fulltrúa
801	-	1000	"	"	5	atkvæði	og	3	fulltrúa
1001	-	1200	"	"	6	atkvæði	og	3	fulltrúa
1201	-	1400	"	"	7	atkvæði	og	4	fulltrúa
1401	-	1600	"	"	8	atkvæði	og	4	fulltrúa
1601	-	og yfir	"	"	9	atkvæði	og	5	fulltrúa

Hvert sérráð á einn fulltrúa á þinginu. Að auki hafa eftirtaldir aðilar rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétt: Framkvæmdastjórn ÍBR, framkvæmdastjórn ÍSÍ, fulltrúi ráðuneytis íþróttamála og fulltrúi Reykjavíkurborgar.



Aðildarfélögum er bent á að samkvæmt 10. grein laga ÍBR missir hvert það aðildarfélag, sem ekki hefur haldið aðalfund og sent skýrslur og ársreikninga í samræmi við 7. gr., atkvæðisrétt sinn á næsta þingi ÍBR.

Vakin er athygli á því að félög sem hafa ekki skilað ársreikningi fyrir árið 2015 eru ekki á meðfylgjandi lista yfir fulltrúa á þinginu. Eru þessi félög hér með hvött til að gera hreint fyrir sínum dyrum hið fyrsta. Litið er svo á að fram til þess tíma er skila á kjörbréfi sé hægt að skila ársreikningi og þar með fá fulltrúa á þingið.

Meðfylgjandi er listi yfir fjölda fulltrúa á þinginu auk kjörbréfs. Stjórn félagsins/sérráðsins skal útfylla meðfylgjandi kjörbréf fyrir fulltrúa sína og skila til ÍBR tveimur vikum fyrir þing þ.e. í síðasta lagi miðvikudaginn **8. mars**.

Með kveðju,  
f.h. ÍBR

Frímanna Ari Ferdinandsson